



SKOÐUN

Samstaða um að standa af sér veirufár

Þórey S.
Þórðardóttir



Páskarnir verða óvenjulegir í ár, ekki aðeins hjá okkur heldur um heim allan. Við lifum á tímum þar sem fæst í umhverfi og daglegu lífi er eins og við höfum átt að venjast. Þrenningin sem ávarpar þjóðina kl. 14 alla daga biður okkur um að sleppa ferðalögum í páskafríinu í ár, halda okkur heima við og ferðast í mesta lagi út að lóðamörkum.

Við hlýðum Víði, Þórólfi og Ölmum með ánægju, fögnum styrkri forystu þeirra á erfiðum tímum og sendum í huganum baráttu- og þakklætiskveðjur til starfsfólks í heilbrigðiskerfinu, löggæslu, stjórnvísu ríkis og sveitarfélaga og öllum þeim sem hafa staðið í ströngu dag og nótt undanfarnar vikur, standa sínar vaktir í dymbilvikunni, um páskahelgina og áfram þar til sigur vinnst á veirunni.

Daglegt og hefðbundið amstur verður léttvægt á svona stundum og dægurþras næsta hjákátlegt. Nú gildir að standa saman, segja það upphátt og meina það. Stundum er sagt að Íslendingar stjórn sjálfum sér og samfélagsvélinni mun betur í krísu og mótbyr en í göðæri og meðbyr. Má vera.

Nærtækt er að rifja upp samstöðu og dugnað fólks í landshlutum sem verst fóru út úr óveðrinu

í desember. Það þurfti að þola að samfélagsinnviðir á borð við raforku- og fjarskiptakerfi þjónuðu ekki hlutverkum sínum sólarhringum saman. Svo stytta upp og það stytta líka upp eftir veirufárviðrið en kosta mun tíma, krafta og fjármuni að fást við afleiðingarnar og bæta skaða sem á annað borð er unnt að bæta.

Lífeyrissjóðir landsmanna hafa frá upphafi veirufaraldursins sýnt samstöðu og samvinnu í verki í þágu lands og þjóðar. Landssamtök lífeyrissjóða sendu þannig frá sér hvatningaryfirlýsingu eftir fund með Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra 17. mars og beindu því til lífeyrissjóðanna að halda að sér höndum um gjaldþyrskaup næsta ársfjórðunginn. Á þann hátt myndu þeir stuðla að stöðugleika á tímum þegar fyrirsjáanlegt væri að útflutningstekjur landsmanna drægjust tímabundið saman.

Fáeinum dögum síðar, 21. mars, stóðu Landssamtök lífeyrissjóða að yfirlýsingu með ríkisstjórninni og Samtökum fjármálafyrirtækja um samræmd viðmið fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða um fresti til að greiða aflánunum og um frekari fyrirgreiðslu til handa fyrirtækjum sem þola tekjufall vegna faraldursins.

Í kjölfarið gerðu lánveitendur með sér samkomulag um greiðslufresti á lánunum fyrirtækja til að styðja við þau og starfsfólk þeirra. Gert er ráð fyrir að þetta „skjól“ vari til loka júnímánaðar en lengur ef þörf krefur.

Ýmsar ráðstafanir kölluðu á lagabreytingar sem Alþingi samþykkti undir lok marsmánaðar. Þar ber að nefna heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar, hliðstæða þeirri sem lögfest var árið 2009 til að bregðast við afleiðingum bankahrunsins. Heimilt er nú að sækja um að fá greiddan út séreignarsparnað, samanlagt allt að 12 milljónir króna, með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á 15 mánuðum frá því umsókn var skilað en að frádreginni staðgreiðslu tekjuskatts af upphæðinni.

Séreignarsparnaður er mikilvæg stöð lífeyriskerfis landsmanna og sjálfvalin leið fólks til að safna viðbótarforða til efri ára. Nýsamþykkt lög kveða á um heimild til að taka út þessa fjármuni sem ekki eru aðfararhæfir. Ég ráðlegg sjóðfélögum að ganga ekki í þennan forða sinn nema hugsa sig fyrst tvisvar um.

Alþingi samþykkti líka heimild fyrir lífeyrissjóði til að innheimta sérstaka vanskilavexti vegna iðgjalda sem fara í vanskil til loka

árs 2020. Stjórnnum hvers sjóðs er ætlað að útfæra reglur um innheimtu slíkra vaxta sem kveðið er á um að séu lægri en dráttarvextir samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu.

Síðast en ekki síst ber svo að nefna að lífeyrissjóðir hafa sett reglur til að koma til móts við sjóðfélaga sem lenda í örðugleikum með að greiða af lánunum. Margir sjóðfélagar hafa nú þegar sótt um „frystingu“ afborgana sjóðfélagalána og fjöldi fyrirspurna berst sjóðunum um greiðslufrest og útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Gríðarlegt álag er á starfsmönnum sjóðanna og þá ber að hafa í huga að fjöldi þeirra vinnur heima, í tölvu- og símasambandi við umheiminn. Sumir eru í sóttkví, aðrir hafa verið bednir um að vinna heima til að reyna að verja mannskapinn smiti en halda samt uppi sem hnökraminnstri þjónustu við sjóðfélaga. Það reynir því mjög á margt og marga þessa dagana.

Alþingi samþykkti jafnframt breytingu á lögum um þinglýsingar til að greiða fyrir og flýta afgreiðslu skilmálabreytinga lána. Að öðrum kosti hefði þessi ráðstöfun kallað yfir lífeyrissjóðina og sýslumannsembættin gestagang langt umfram það sem heimilt er og skynsamlegt nú þegar sóttvarnir og aftur sóttvarnir eru efst á baugi í þjóðfélaginu. Gleðilega páskahátíð.



Nú gildir að standa saman, segja það upphátt og meina það.

Höfundur er framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóðanna.